

Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Sverris Hermannssonar um skipstjórakvóta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvers eðlis var hinn svonefndi „skipstjórakvóti“? Hvaða reglur voru samdar um sérúthlutun skipstjórakvóta og hverjir hlutu?*
2. *Var endurúthlutað kvóta til skipa vegna stækkunar skips eða aukinna afkasta og hverjir hlutu?*
3. *Hversu mikið kom í hlut hvers kvótaþega í þorskigildum?*
4. *Hvernig skiptist úthlutunin eftir fisktegundum?*
5. *Hvaða hlutverki gegndi svokölluð „samráðsnefnd“ þegar um endurúthlutun aflakvóta eða aflahlutdeilda var að ræða, annars vegar „skipstjórakvóta“ og hins vegar til endurúthlutunar á skip vegna annarra ástæðna og um hvaða skip var að ræða?*

1. Við ákvörðun á „skipstjórakvóta“ var byggt á 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 44/1984, sem orðaðist svo:

„Hafi skipstjóraskipti á árinu 1983 orðið með þeim hætti, að skipstjóri, sem fram að skiptum hafði stýrt sama skipi samfelt á viðmiðunartímabilinu sbr. 6. gr., tekur við öðru sambærilegu skipi í 3. stærðarflokki eða stærra sbr. 9. gr., og meirihluti áhafnar flyst með honum, skal heimilt, auk vals sbr. 1. mgr., að gefa kost á því að aflamark á skipinu, sem skipstjóri tekur við, miðist við aflareynslu áhafnarinnar á fyrra skipinu.“

Í fyrri dálki töflunnar eru tilgreind þau sex skip sem fengu skipstjórakvóta og í síðari dálki skip sem skipstjóri var áður með.

Fengu skipstjórakvóta:		Fyrra skip:	
1622	Smáey	1245	Stokksey
1369	Akureyrin	1395	Kaldbakur
1084	Friðrik Sigurðsson	980	Friðrik Sigurðsson
1179	Ófeigur	707	Ófeigur III
1365	Viðey	1328	Snorri Sturluson
1511	Jóhannes Gunnar	1161	Drífa

2. Ekki kom til endurúthlutunar á kvótum vegna stækkunar eða aukinna afkasta skipa tengt skipstjórareglunni. Hins vegar mótaðist sóknarmark og meðalkvóti af stærð skipa.

3.–4. Í eftirfarandi töflum kemur fram hvað hvert þessara 6 skipa hefði fengið samkvæmt reynslukvóta og hins vegar hver skipstjórakvótinn varð eftir fisktegundum. Í dálknum „mismunur“ sést hvort viðkomandi skip hækkaði eða lækkaði í tegundum.

Smáey 1622				Akureyrin 1369			
	Reynslu- kvóti	Skipstjóra- kvóti	Mismunur		Reynslu- kvóti	Skipstjóra- kvóti	Mismunur
Þorskur	343,8	245,5	-98,3	Þorskur	1.060,8	1.512,0	+451,2
Ýsa	315,4	585,0	+269,6	Ýsa	254,4	266,0	+11,6
Ufsi	102,6	126,0	+23,4	Ufsi	284,2	177,5	-106,7
Karfi	106,3	19,5	-86,8	Karfi	1.364,4	1.146,0	-218,4
Skarkoli	59,5	16,5	-43,0	Skarkoli	51,4	115,5	+64,1
Grálúða	0,0	0,0	+0,0	Grálúða	581,8	1.180,0	+598,2
Steinbítur	7,8	0,5	-7,3	Steinbítur	81,5	48,5	-33,0
Alls lestir	935,4	993,0	+57,6	Alls lestir	3.678,5	4.445,5	+767,0

Friðrik Sigurðsson 1084				Ófeigur 1179			
	Reynslu- kvóti	Skipstjóra- kvóti	Mismunur		Reynslu- kvóti	Skipstjóra- kvóti	Mismunur
Þorskur	329,5	503,5	+174,0	Þorskur	224,1	320,5	+96,4
Ýsa	86,0	85,5	-0,5	Ýsa	40,4	13,0	-27,4
Ufsi	152,3	279,5	+127,2	Ufsi	221,8	148,0	-73,8
Karfi	19,6	42,0	+22,4	Karfi	19,6	20,0	+0,4
Skarkoli	20,4	26,5	+6,1	Skarkoli	0,1	0,0	-0,1
Grálúða	1,4	0,0	-1,4	Grálúða	0,0	0,0	0,0
Steinbítur	3,5	2,0	-1,5	Steinbítur	6,2	10,5	+4,3
Alls lestir	612,7	939,0	+326,3	Alls lestir	512,2	512,0	-0,2

Viðey 1365				Jóhannes Gunnar 1511			
	Reynslu- kvóti	Skipstjóra- kvóti	Mismunur		Reynslu- kvóti	Skipstjóra- kvóti	Mismunur
Þorskur	488,5	386,0	-102,5	Þorskur	40,0	98,0	+58,0
Ýsa	122,1	126,5	+4,4	Ýsa	9,5	2,0	-7,5
Ufsi	381,8	1.487,5	+1.105,7	Ufsi	7,3	15,0	+7,7
Karfi	1.840,9	2.941,5	+1.100,6	Karfi	0,1	0,5	+0,4
Skarkoli	44,2	22,0	-22,2	Skarkoli	1,9	5,0	+3,1
Grálúða	300,0	30,5	-269,5	Grálúða	0,0	0,0	0,0
Steinbítur	39,5	28,0	-11,5	Steinbítur	2,3	0,0	-2,3
Alls lestir	3.217,0	5.022,0	+1.805,0	Alls lestir	61,1	120,5	+59,4

5. Hlutverk samráðsnefndar var skilgreint í 16. gr. reglugerðar nr. 44/1984:

„Sérstök samráðsnefnd þriggja manna, skipuð einum fulltrúa frá samtökum sjómanna og einum fulltrúa frá samtökum útvegsmanna auk formanns, sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um öll álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt reglugerð þessari. Í starfi sínu skal nefndin leitast við að velja úrræði sem stuðla að því að draga úr útgerðarkostnaði. Nefndin skal sérstaklega fjalla um ákvarðanir samkvæmt ákvæðum 11. og 12. greinar, svo og til hvaða flokks samkvæmt a-lið 6. gr. skuli telja hvert skip.“

Nefndin skal skila skriflegum tillögum til ráðuneytisins um úrlausn einstakra mála.“

Samráðsnefnd fékk fjölda úrlausnarefna samkvæmt framansögðu. Má þar nefna leiðréttingar á viðmiðunarafla, uppreikning á afla vegna frátafa á viðmiðunartímabilinu, röðun skipa í útgerðarflokka, skilyrði skipstjórareglunnar o.s.frv.